

til laga um að stofna nýbýli.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal leita samninga við landeigendur og ábúendur í Ölfushreppi í Árnessýslu og Holtahreppi í Rangárvallasýslu um að selja eða láta af hendi land meðfram þjóðveginum, er nægi handa 25 nýbýlum í hvorum þessara hreppa. Í Ölfushreppi skal ætla hverju nýbýli eigi meira land en 10 ha. af ræktuðu landi og í Holtahreppi eigi meira en 20 ha.

2. gr.

Þegar ríkisstjórnin hefir fengið nægilegt land undir nýbýlin, skal hún láta velja bæjarstæði eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands. Skal reynt að haga þannig til, að bæir standi sem flestir saman og sem næst þjóðveginum.

3. gr.

Þegar valin hafa verið bæjarstæði, skal ríkisstjórnin gefa byggingarmeisturum kost á því að gera uppdrætti að nauðsynlegum byggingum á nýbýlum. Má heita alt að 5 þús. króna verðlaunum fyrir bestu og hentugustu uppdrætti, er gerðir verða, að dómi Búnaðarfjelags Íslands.

4. gr.

Þegar uppdrættir hafa verið gerðir að byggingum og öðrum undirbúningi undir tilhögun verksins er lokið, skal ríkisstjórnin láta reisa byggingar á þeim 50 nýbýlum, er í 1. gr. getur.

5. gr.

Í land það, er ætlað er nýbýlunum til ræktunar, skal, á kostnað ríkissjóðs, gera aðalskurði og holræsi, eftir því sem með þarf til að þurka alt að 5 ha. af landi hvers nýbýlis. Ennfremur skal alt að 5 ha. af landi hvers býlis búið undir ræktun á þann hátt, er Búnaðarfjelag Íslands telur hentugast.

6. gr.

Nýbýli þau, er reist verða samkvæmt lögum þessum, skal ríkissjóður leigja með þeim kjörum, er ákveðin verða í reglugerð. er ráðherra sctur samkvæmt tillögum Búnaðarfjelags Íslands. Fyrstu 5 árin skal leiga þó eigi vera hærrí en 4 af hundraði á ári af byggingarverði húseigna. Síðan skal leiga miðuð við meðalnytjar nýbýlis, þó aldrei hærra en 6 af hundraði af fje því, er lagt hefir verið í býlin.

7. gr.

Í reglugerð skal setja ákvæði um það, hvernig meta skuli umbætur á nýbýli, þegar leiguliði fer burt, svo og um skyldu leigjanda til að halda við byggingum og ræktun lands, að viðlagðri riftingu leigumála.

8. gr.

Eigi skal leigjanda heimilt að framselja leigumála á nýbýlum þeim, er ræðir um í lögum þessum.

9. gr.

Fje það, er þarf til framkvæmda lögum þessum, skal ríkissjóður leggja fram, og hefir ríkisstjórnin heimild til þess að taka allt að 1 miljón og 200 þús. kr. lán í þessu skyni.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt í fyrra, og visast til greinargerðar og umræðna um málið þá.